

371. – Stjórnarfundur LEB 26. maí 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Jónas Sigurðsson og Magnús Jóhannes Magnússon.

Gestir: Helga Garðarsdóttir og Hallgrímur Arnarson

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Sérstakir gestir fundarins frá KMPG vegna nýs mælaborðs um stöðu eldra fólks

Í tengslum við verkefnið Gott að eldast hefur verkefnastjórn fengið KMPG til að vinna mælaborð sem var kynnt á sérstökum blaðafundi verkefnastjórnar deginum fyrir þennan stjórnarfund LEB. Þau Helga Garðarsdóttir og Hallgrímur Arnarson frá KMPG fóru yfir þetta nýja mælaborð með stjórn og kynntu ýmsa möguleika sem þar er að finna með fjölbreyttum breytum sem hægt er að nota til að afla alls kyns upplýsinga um stöðu eldra fólks í íslensku samfélagi.

Skemmst er að segja að niðurstaðan sem mælaborðið sýnir ótvírætt er að *Eldra fólk er virði en ekki byrði*.

Það varpar fram ýmsum álitamálum eins og af hverju eldra fólk er að greiða mun meira til samfélagsins og til uppbyggingar þess jafnvel eftir að það er komið á eftirlaunaaldur. Fólk sem bar hitann og þungann af uppbyggingunni meðan þau voru 40 – 50 ár á vinnumarkaði?

Mælaborðið er unnið út frá ársreikningum sveitarfélaga frá árinu 2021. Þessa dagana eru að birtast ársreikningar þeirra fyrir árið 2022 og verður mælaborðið uppfært samkvæmt því.

Stjórnarmenn bentu á að til að fá raunhæfari tekjur eftirlaunafólks þyrfti að breyta aldursbilinu 65-70 ára í samræmi við eftirlaunaaldur til að fá raunhæfari upplýsingar um tekjur þessa hóps. Eftirlaunaaldur er oftast 67 ára sem þýðir að viðmiðið ætti frekar að vera við 68 ára aldur og einnig væri hentugt að sjá í þeim tilfellum sem fólk er á vinnumarkaði til sjötugs að annar möguleiki væri að geta séð tekjur fólks frá 71. aldursári.

Mælaborðið er á heimasíðu KMPG: www.kmpg.is

Hér er slóð á mælaborðið: <https://kpmg.com/is/is/home/insights/2023/05/virdi-en-ekki-byrdi.html>

Gestir kvöddu og gengið var til dagskrár.



LEB

Landssamband eldri borgara

2. Fundargerð síðasta fundar 29.04.2023

Samþykkt

3. Stjórn skiptir með sér verkum

Þetta er fyrsti fundur nýskipaðrar stjórnar. Þar sem öll sem voru í stjórn síðast skipa stjórn áfram var lagt til að þau héldu áfram starfsviði sínu innan stjórnar:

Formaður Helgi Pétursson, Varaformaður Drífa Sigfúsdóttir, Gjaldkeri Sigrún C.

Halldórsdóttir, Ritari Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Meðstjórnandi Þorbjörn Guðmundsson.

Samþykkt

Í varastjórn fengu endurnýjað umboð þau Ásgerður Pálsdóttir og Jónas Sigurðsson. Nýr í varastjórn er Magnús Jóhannes Magnússon sem var kosinn í stað Ragnars Jónassonar sem gaf ekki kost á sér áfram.

4. Lagabreytingar

Nokkrar breytingar urðu á lögum LEB á Landsfundi LEB 9. maí 2023 sem einkum snúa að hvernig haga skal framboði til stjórnar og einnig fjölgun fulltrúa minni aðildarfélaga á landsfundum LEB.

Laganefnd sem starfaði á landsfundi LEB lagði fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var af landsfundarfulltrúum:

„Laganefnd sem starfaði á landsfundi LEB 9. maí 2023 samþykkir að beina því til stjórnar að hún skoði möguleika á því að haldinn verði formannafundur annað árið en stór landsfundur hitt árið.“

Þar sem einhlýtt er að það þurfi lagabreytingu til að formannafundur komi í stað landsfundar sem er í rauninni aðalfundur LEB verði að setja þá vinnu af stað og kynna sem lagabreytingatillögu á næsta landsfundi LEB. Fyrir þó nokkrum árum voru lög LEB á þennan veg eins og mælt er til í bókuninni. Mun þá heppilegt að skoða hvernig slíkt fyrirkomulagi var þá fyrirkomið er varðaði kosningar til stjórnar o.fl.

Samþykkt.

5. Önnur mál

a) Kjaramál

Kjaramál setti stærsta svip sinn á nýafstaðinn landsfund LEB. Í ljósi þess er nauðsynlegt að grípa til verulegra aðgerða og voru þetta helstu aðgerðir nefndar:

1. Drífa hvatti stjórn til dáða að skrifa greinar í fjölmiðla um þessi mál og fá aðra til þess sama

Samþykkt.

2. Þorbjörn minnti á samþykkt að halda stóra kjaramálaráðstefnu í haust. Til þess að vinna að henni svo hún heppnaðist sem best bæði í kynningu og framkvæmd ætti að ráða sérstakan starfsmann til að halda utan um það verkefni og þá best að ráðning hans yrði frágengin fyrir júnílok.

Samþykkt.

b) Næsti stjórnarfundur

Magnús Jóhannes hvatti til þess að næsti stjórnarfundur yrði staðfundur og þá jafnvel annars staðar en í Reykjavík.

Samþykkt

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.35. fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum, 19. júní 2023



Helgi Pétursson formaður LEB